

Fundargerð

5. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2020-2022, þriðjudaginn 8. desember 2020 á Zoom.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Guðlaug Baldvinsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Eiríkur Mörk Valsson, Íris Berg Bryde verkefnastjóri og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri.

Formaður setti jólafundinn klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna

1. Fundarboðun, fundargerð og önnur rafrænt afgreidd erindi

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð frá 4. fundi stjórnar 2020-2022 hafði verið afgreidd án athugasemda. Viðurkenningar tilkynntar formlega á milli funda, en það var búið að samþykkja þær á síðasta stjórnarfund. Almenn ánægja og sérstaklega gaman að veita UFA viðurkenningu fyrir þeirra framlag sl. sumar þegar þau rigguð MÍ upp með stuttum fyrirvara og héldu með stæl. Spurning um hvort veita ætti í framtíðinni viðurkenningu fyrir viðburð ársins.

2. Fastanefndir, mönnun og markmið! Vonandi lokayfirferð og allt klárt!?

Nokkrar nefndir ófrágengnar, en tengiliðir stjórnar sem eru með ábyrgð á viðkomandi nefndum eru að klára og er sett markmið að klára skipun nefnda fyrir næsta stjórnarfund, þannig að allar nefndir séu fullmannaðar.

3. Heimsókn í hérað, sbr. ábyrgðarskiptingu stjórnar

Hvatning til stjórnarmanna að stofna til og halda Zoom fundi með félögum skv. því sem var ákveðið í haust, þegar stjórnarmenn fengu úthlutað félögum og héruðum.

4. Æfingar, keppni og COVID. Stutt stöðutaka. Næstu mót, RIG ofi?

Ný reglugerð birtist í dag sem gildir til 12. janúar. Varðandi RIG er Guðmundur búin að ræða við ÍBR varðandi heildarstefnu í sóttvarnaraðgerðum og hvernig á að taka á málum. Það getur ekki verið einstakra sambanda að móta stefnu í þeim málum. Það er ljóst að það verða ekki haldin nein frjálsíþróttamót fyrr en eftir 12. Janúar amk. Starfsmenn skrifstofu fara yfir tilkynninguna og setja formlega túlkun á heimsíðu sambandsins. Mikilvæg að hvetja félagin til að halda utanum tekjutap, þannig að þau geti sótt um styrki.

5. Norræn samvinna í miðlun, sbr. útsendan póst.

Verið að pressa á meira samstarf á þessum vettvangi, milli norrænu þjóðanna. Kom erindi frá danska sambandinu sem stjórnarmenn taka jákvætt í.

6. Önnur mál

Búið að skila pappírurum til RSK vegna breytingar á stjórn FRÍ.

Fundur í langhlaupanefnd í morgun og þar er einhugur um að keyra verkefnið áfram og reyna að klára. Þetta eru í raun tvö verkefni sem eru hlaupapassinn og afrekaskráning.

Fyrirhugaður framkvæmdastjórafundur Norrænu sambandanna.

Farið yfir stöðuna á afrekssjóðsmálum og umsókn fyrir árið 2021.

Persónuverndarstefna kynnt og samþykkt.

Fundi slitið 17:40